

Erindi nr. B 117/1354

komudagur 13/12 1993

Tillögur um breytingar á frumvarpi til laga um breytingar í skattamálum.

1. 1. gr. frumvarpsins orðast svo:  
Við 2. mgr. 2. gr. laganna bætist nýr málslíður er orðast svo:  
Samlagsfélög, með ótakmarkaðri ábyrgð minns eins félagsaðila, geta ekki verið sjálfstæðir skattaðilar.
2. Orðin "á vegum utanríkisráðuneytisins" í 3. gr. frumvarpsins falla niður.
3. Orðin "en þó ekki tekjur er falla undir 3.-9. tölul. C-liðs þeirrar greinar" í b-lið 4. gr. frumvarpsins falla niður.
4. Við 4. lið bætast tveir nýir stafliðir, er verða c- og d-liðir, er orðast svo:
  - c. 3. tölul. 31. gr. orðist svo:  
Tap á útistandandi viðskiptakröfum, ábyrgðum og lánveitingum, sem beint tengjast atvinnurekstrinum, á því tekjuári sem eignir þessar sannanlega eru tapaðar.  
Útistandandi viðskiptakröfur og lánveitingar, sbr. 1. mgr., í árslok, sbr. 2. mgr. 5. tölul. 74. gr., er heimilt að færa niður um allt að 5% og telja þá fjárhæð til frádráttar skattskyldum tekjum.
  - d. 11. tölul. 31. gr. orðist svo:  
Mótframlag eigin iðgjalds einstaklings í atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi til lífeyrissjóðs sem hlutið hefur staðfestingu fjármálaráðuneytisins. Frádrátturinn skal ekki vera hærri en 6% af reiknuðu endurgjaldi samkvæmt 2. mgr. 1. tölul. A-liðar 7. gr., sbr. 59. gr. og sbr. 6. gr. laga nr. 113/1990, um tryggingagjald, þó ekki hærri en 60% af heildariðgjaldi.
5. 2. efnismálgrein 10. gr. frumvarpsins orðist svo:  
Tekjuskattur sameignarfélaga, sbr. 3. tölul. 1. mgr. 2. gr., skal vera 41% af tekjuskattsstofni, sbr. 2. tölul. 62. gr.
6. 11. gr. frumvarpsins orðist svo:  
Eftirfarandi breytingar verða á 74. gr. laganna:
  - a. 2. mgr. 5. tölul. orðast svo:  
Útistandandi kröfur skal telja til eignar á nafnverði að viðbættum áföllnum vöxtum og verðbótum á höfuðstól, sem miðast við vísitölu í janúar á næsta ári á eftir lok reikningsárs, nema sannað sé að þær séu minna virði. Frá þannig töldu verði útistandandi viðskiptakrafna og lánveitinga er þó heimilt að draga allt að 5% og mynda með því mótreikning fyrir kröfum sem kunna að tapast. Útistandandi viðskiptakröfur og lánveitingar í þessu sambandi teljast kröfur, sem stofnast hafa vegna sölu á vörum og þjónustu og aðrar lánveitingar sem

beint tengjast atvinnurekstrinum.

- b. Við 5. tölul. 74. gr. laganna bætist ný málsgrein er orðast svo:  
Útistandandi skuldir á hendur viðurkenndum sjálfseignarstofnunum, sem samhliða veita kröfuhafa íbúðarrétt, má telja til eignar samkvæmt fasteignamati viðkomandi íbúðar.
7. Við frumvarpið bætist ný grein, er verður 13. gr., er orðast svo:  
Við 102. gr. A. laganna bætist ný málsgrein, sem verður 6. mgr. er orðast svo:  
Við rannsóknaraðgerðir skattrannsóknarstjóra ríkisins skal gætt ákvæða laga um meðferð opinberra mála eftir því sem við getur átt, einkum varðandi réttarstöðu grunaðra manna á rannsóknarstigi m.a. um heimild þeirra til að neita að tjá sig um sakarefni og þeir eigi rétt á að talsmaður þeirra sé viðstaddur skýrslutökur.
8. Orðin "við kaup af óskattskyldum aðilum" í 19. gr. frumvarpsins falla niður.
9. 37. gr. frumvarpsins fellur niður.
10. Við frumvarpið bætist nýr kafli, sem verður 8. kafli, er orðist svo:

#### VIII. kafli.

Breyting á lögum nr. 114/1990, um Útflutningsráð Íslands, með síðari breytingum. 12

#### 51. gr.

3. gr. laganna orðist svo:

Tekjur Útflutningsráðs eru:

1. 0,015% gjald, markaðsgjald, sem lagt er á veltu atvinnufyrirtækja, eins og hún er skilgreind skv. 11. gr. laga um virðisaukaskatt, að meðtalinni veltu sem undanþegin er virðisaukaskatti skv. 12. gr. þeirra laga,
2. Framlag ríkissjóðs.
3. Þóknun fyrir veitta þjónustu.
4. Sérstök framlög og aðrar tekjur.

Óheimilt er að leggja markaðsgjald við verð á vörum eða þjónustu fyrirtækja en draga má það frá tekjum þess rekstrarárs þegar stofn þess myndaðist.

Um álagningu og innheimtu markaðsgjalds fer skv. ákvæðum VIII-XIV. kafla laga um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, eftir því sem við á og skulu innheimtuaðilar standa skil á innheimtum gjöldum mánaðarlega.

#### 52. gr.

Ákvæði þessa kafla öðlast þegar gildi. Skal í fyrsta sinn lagt á markaðsgjald skv. 51. gr. á árinu 1994 á gjaldstofn ársins 1993.

#### 53. gr.

Við lögin bætast tvö ákvæði til bráðabirgða er orðast svo:

I.

Fjármálaráðherra er heimilt í reglugerð að kveða á um fyrirframgreiðslu markaðsgjalds á árinu 1994 sbr. 110. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt.

II.

Þrátt fyrir ákvæði 51. gr. laga þessara skal leggja á og innheimta markaðsgjald þannig að samtala útflutningsráðsgjalds og kirkjugarðsgjalds þeirra atvinnugreina, sem greitt hafa hvort tveggja lækki í áföngum skv. því sem hér segir:

- a. Fiskvinnsla og iðnaður, þ.m.t. byggingarstarfsemi greiði 0,049% af gjaldstofni skv. 1. gr. á árinu 1994, 0,037% á árinu 1995, 0,026% og 0,015% frá 1. janúar 1996.
- b. Fiskveiðar greiði 0,035% af gjaldstofni skv. 1. gr. á árinu 1994, 0,028% á árinu 1995, 0,022% og 0,015% frá 1. janúar 1996.
- c. Samgöngur greiði 0,022% af gjaldstofni skv. 1. gr. á árinu 1994, 0,019% á árinu 1995 og 0,017% og 0,015% frá 1. janúar 1996.

Af innheimtu markaðsgjaldi, skv. framanskráðu, greiðist kirkjugörðum fjárhæð skv. því sem nánar er mælt fyrir í 54. gr. laga þessara.

Á árinu 1998 skal endurskoða lög um Útflutningsráð og frá 1. janúar 1999 skal innheimta markaðsgjaldsins falla niður hafi lögin þá ekki verið endurskoðuð.

11. Við frumvarpið bætist nýr kafli, sem verður 9. kafli, er orðast svo:

IX. kafli.

Breyting á lögum nr. 36/1993, um kirkjugarða.

54. gr.

38. gr. laganna fellur niður og breytast númer annarra greina til samræmis við það.

55. gr.

Við lögin bætist ákvæði til bráðabirgða er orðast svo:

Til að draga úr áhrifum niðurfellingar aðstöðugjalds sem gjaldstofns fyrir kirkjugarða greiðist kirkjugörðunum 75 m.kr. á árinu 1994, 50 m.kr. árið 1995 og 25 m.kr. árið 1996, allt miðað við verðlag ársins 1993, af innheimtu markaðsgjaldi skv. 51. sbr. 53. gr. þessara laga. Einstakir kirkjugarðar fái sama hlutfall þessara greiðslna og þeir höfðu af heildarinnheimtu kirkjugarðsgjalda atvinnurekstrarins á árinu 1993.